

## Skýrsla bæjarstjóra 9. maí 2019

- Ég fór í ferð til Utrecht í Hollandi en ferðin var hluti af norræna verkefninu „attractive towns“ norrænir sjálfbærir bæir. Ferðin var námsferð til að undirbúa lokaafurð norræna verkefnisins. Í Utrecht fengum við að kynnst því hvernig borgin innleiðir heimsmarkmiðin í sitt daglega starf. Þar hafa þau lagt áherslu á 11. heimsmarkmiðið, sjálfbærar borgir og samfélög. Utrecht er staðsett mitt í Hollandi á milli Amsterdam og Rotterdam og er ört vaxandi borg. Þar er hjólamenningin mjög langt komin en í kringum lestarstöðina er fjölmennasti hjólastígur í Evrópu að sögn heimamanna. Samspil hjólandi og bílandi er ótrúlega gott, sem dæmi hafa verið byggðar upp svokallaðar „hjólagötur“ en þar eru hjólin í forgangi gagnvart bílaumferð. Þeir hafa byggt upp stærsta hjólastæði í Evrópu en þar geta íbúar skilið hjólin sín eftir innanhús við lestarstöðina en fjöldi íbúa sækir atvinnu í öðrum borgum. Hjólastæðin eru ókeypis fyrstu 24 tímana og þar er pláss fyrir 12.000 hjól. Bílastæði og 6 akreina vegir í gegnum borgina hafa nú vikið fyrir endurgerð síkja, grænna svæða, hjólastíga o.s.frv. Í Utrecht og Amsterdam hefur verið byggt upp öflugt deiliahagkerfi bíla sem virkar þannig að íbúar geta gerst áskrifendur að ákveðnum bílum og pantað afnot í gegnum smáforrit í símanum gegn vægu gjaldi. Þannig eru íbúar hvattir til að eiga síður bíla með því að gera þeim auðvelt að kaupa sér aðgang að bíl gegn vægu gjaldi. Þetta sparar bílastæðapláss í borginni og minnkar losun CO<sup>2</sup>. Þetta eru einungis nokkur af þeim atriðum sem við fengum að kynnst í ferðinni. Heimsóknin var virkilega lærdómsrík og hvetjandi.
- Páskar voru haldnir hátíðlegir og ákvað ég að eyða þeim hér heima með fjölskyldunni að þessu sinni. Kærkomið frí frá amstri dagsins.
- Vikan eftir Páska var snubbótt enda sumardagurinn fyrsti í þeirri viku sömuleiðis.
- Ég átti fund á Skógum vegna sameiningu héraðsskjalasafna 24. apríl. Þar voru mættir fulltrúar þeirra sveitarfélaga sem eru með héraðsskjalasöfn en sveitarfélögin á Suðurlandi eru með samstarf um rekstur safnanna. Andrúmsloftið var nokkuð jákvætt og var fundurinn fyrst og fremst viðrunarfundur og næstu skref ákveðin. Málið verður unnið rólega og áætlað að það fái umfjöllun á haustþingi SASS.
- 1. maí var haldinn hátíðlegur á Höfn og dagskrá dagsins nokkuð þétt.
  - Ég byrjaði á að heimsækja hestamenn en dagur hestsins var haldinn hátíðlegur með opnu húsi í reiðhöllinni í Nesjum við Stekkhól. Þar hafa hestamenn unnið hörðum höndum í vetur að byggingu hesthúss inn í reiðhöllinni. Aðstaðan er að verða hin glæsilegasta en mikil sjálfböðavinna hestamanna liggur þar að baki. Ég vil óska hestamönnum til hamingju með þessa glæsilegu aðstöðu.
  - Afl starfsgreinafélag stóð fyrir hátíðarkaffi á Z-bistró þangað sem ég fór og tók þátt í hátíðarhöldum.
  - Dagurinn endaði síðan á stórleik meistaraflokks Sindra í knattspyrnu gegn sterku liði KA frá Akureyri þar sem Óli Stefán Fóventsson „Hornfirðingur“ er þjálfari. Var því umhálfggerðan heimaslag að ræða. KA sigraði en Sindramenn börðust vel og voru óheppnir að tapa nokkuð stórt 0-4.

- Í síðustu viku var haldinn árlegur fundur bæjar- og sveitastjóra landsins og var fundurinn haldinn á Hótel Örk í Hveragerði. Fræðsludagskrá var fyrri daginn þar sem við fengum kynningu á rannsóknarsetri um sveitastjórnarmál sem var sett á laggirnar í haust á Laugarvatni ásamt því að fá góða fræðslu um vinnuskipulag o.fl. Það er mér mikilvægt að kynnast kollegum frá öllu landinu og deila reynslu og upplýsingum, ekki síst að mynda tengsl. Dagskráin stóð yfir í tvo daga og hluti dagskrár fólst í skoðunarferðum um Hveragerði, Ölfus og Árborg. Við skoðuðum ípróttahúsið í Hveragerði, Garðyrkjuskólann og Kjörís, fengum kynningu á framtíðar uppbyggingu á smáþörungaverksmiðju við hlið Hellisheiðarvirkjunar, Vatnstöppunarverksmiðju Jóns Ólafssonar í Ölfusi og að lokum fengum við kynningu á framleiðslu SET sem sérhæfir sig í framleiðslu fráveitu- og vatnsveitulagna. Mjög áhugaverðir dagar á Suðurlandinu.
- Fundarferð mín á Suðurlandið varð til þess að ég missti af mótmælum ungmenna gegn aðgerðarleysi í loftslagsmálum. Af myndum að dæma tóku fjölmörg ungmenni þátt með því markmiði að vekja athygli á málstaðnum. Á síðasta fundi bæjarráðs var settur á dagskrá fundur með Ungmennaráði næstkomandi mánudag þar sem lofstlagsmál verða eflaust til umræðu.
- Síðasta laugardag skipulögðu Umhverfissamtök Austur-Skaftafellssýslu strandhreinsun á Suðurfjörum. Ég dreif mig heim af fundi í Hveragerði til að taka þátt. Ekki var hægt að biðja um betra veður til strandhreinsunar enda heiðskýrt mestan part dags þótt mönnum hafi verið farið að kólna undir það síðasta. Frábær mæting var í hreinsunina en 115 manns mættu. Viðburðurinn var mjög vel skipulagður og tók Blái herinn þátt en samtökin hafa staðið fyrir strandhreinsun vítt og breitt um landið síðustu ár. Mér skilst að árangurinn hafi verið nálægt 5 tonnnum og mest voru þetta net sem hafa skolast í land af fiskiskipum. Ég vil nota tækifærið hér og þakka Umhverfissamtökunum fyrir að standa fyrir þessum viðburði og þakka öllum þeim sjálfbóðaliðum sem tóku þátt.
- Þessi vika hefur verið ansi annasöm enda einkennir það svolítið vikurnar sem bæjarstjórnafundur er haldinn. Ég átti fund með starfsmanni Vegagerðarinnar vegna endurbyggingar brúar í Lónsöræfum. Vegagerðin mun hefja framkvæmdir þó enn eigi eftir að fjármagna brúarsmiðina að fullu. Ferðafélag Austur-Skaftafellssýslu stendur nú fyrir söfnun vegna endurbyggingar á brúnni og hvet ég íbúa til að kynna sér það. Það er nokkur léttir að vita til þess að framkvæmdir eru að hefjast. Hér er tengill á upplýsingar um söfnunina: [https://gonguferdir.is/2019/04/20/bruin-vid-mulaskala-sofnun/?fbclid=IwAR0\\_NGMqfGoACX2cK0zwEL1wKGBNW7UTulCUib-RNY0BCOz7-erpyeDg2qI](https://gonguferdir.is/2019/04/20/bruin-vid-mulaskala-sofnun/?fbclid=IwAR0_NGMqfGoACX2cK0zwEL1wKGBNW7UTulCUib-RNY0BCOz7-erpyeDg2qI).
- Íbúafundardagurinn mikli var í gær en þá voru haldnir tveir íbúafundir. Sá fyrri um framtíð Miklagarðs. Markmið fundarins var að fá fram sjónarmið íbúa varðandi framtíðarskipulag og starfsemi Miklagarðs. Árni Kjartansson fór yfir skýrslu sem Gláma Kím gerði fyrir nokkrum árum síðan og kynnti einnig nýjar hugmyndir. Mæting á fundinn var mjög góð eða í kringum 50 manns. Menningarmálanefnd mun taka saman allar hugmyndir sem komu fram á fundinum og vinna úr þeim skýrslu sem hægt verður að leggja til grundvallar ákvörðunar bæjarstjórnar um framtíð Miklagarðs. Ég dró saman

helstu niðurstöður eftir kynningu borðstjóra og það sem stendur eftir er að íbúar kalla eftir því að bæjarstjórn taki ákvörðun, það komist líf í húsið og fjölbreytt starfsemi muni verða þar. Einnig var niðurstaða fundarins sú að íbúar vilja halda núverandi útliti hússins og vilja ekki að húsið verði hækkað upp. Það verður áhugavert að lesa skýrsluna sem verður unnin út frá hugmyndum fundarmanna.

- Í kjölfar Miklagarðsfundarins var haldinn fundur Unglingalandsmótsnefnd þar sem staða verkefna var tekin. Góður gangur er í undirbúningnum og er allt samkvæmt áætlun. Íbúafundur var boðaður í kjölfarið. Þar kynnti Ómar Bragi framkvæmdastjóri unglíngalandsmóta dagskrá mótsins og hlutverk sjálfboðaliða. Það er ljóst að þörf er á mörgum höndum til að vinna um landsmótshelgina og vil ég nota tækifærið hér til að hvetja íbúa sveitarfélagsins til að taka þátt í mótshaldinu og haga skipulagi sumarsins eftir því en unglíngalandsmótið verður haldið um verslunarmannahelgina. Hægt er að skrá sig hjá Kristínu Ármannsdóttur, starfsmannastjóra mótsins með því að senda tölvupóst á netfangið [kristin@usu.is](mailto:kristin@usu.is).
- Fleira var það ekki að sinni.

*Matthildur Ásmundardóttir*  
*Bæjarstjóri*